

ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 7

Dags.: 25. september 2013

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **BÚTAN, SÚPER BÚTAN, 70% BÚTAN-PRÓPAN, 60% BÚTAN-PRÓPAN**

1.2. Tilgreind notkun Eldsneyti.

1.3. Söluaðili Ellingsen ehf.
Fiskislóð 1
101 Reykjavík
580 8500

Sími
Tengiliður finnbogi@ellingsen.is
Veffang www.ellingsen.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar
CLP-FLOKKUN Eldf. loftt. 1; H220

2.2. Merkingaratriði
Hættumerki



Viðvörðunarorð Hætta
Hættusetningar (CLP) H220 – Afar eldfim lofttegund.
Varnaðarsetningar (CLP) P102 – Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P377 – Eldur í lekandi gasi: Reynið ekki að slökkva eldinn nema hægt sé að stöðva lekann á öruggan máta.
P381 – Fjarlægjið alla íkveikjuvalda ef það er óhætt.
P403 – Geymist á vel loftræstum stað.

Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eiginleikar Afar eldfimt. Bútan er þyngra en loft og hefur tilhneigingu til að safnast fyrir í lægðum. Ef ílát hitnar mikið getur það rofnað og gufur lekið út, borist með gólfi/jörð að íkveikjugjöfum og borið eld að íláti með hættu á sprengingu.

Heilsa Innöndun þétrrar gufu getur valdið sljóleika, eitrun, ölvun og meðvitundarleysi ef súrefni er ekki nægt. Í vökvaformi getur efnið valdið kalsárum.

2.3. Aðrar hættur

Hættur Leki getur valdið hálfu.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efni	Vörukenni	Styrkur%	CLP-flokkun
Vetniskolefni, C ₃₋₄ -ríkt, jarðolíueimi	CAS#: 68512-91-4 EINECS#: 270-990-9	100	Eldf. loftt. 1; H220

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLÞ

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálþ

Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið læknis ef einkenna verður vart.
Eftir snertingu við augu	Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 10 mínútur. Leitið læknis.
Eftir snertingu við húð	Skolið húðina vandlega með köldu vatni. Fjarlægjið föt og skó sem óhreinast af efninu. Fjarlægjið einnig úr og skart. Leitið læknis ef einkenni koma fram.
Eldur í fatnaði	Slökkvið með vatni.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Innöndun getur valdið höfuðverk, svima, ölvun, meðvitundarleysi.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Engin gögn.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Slökkviduft, koltvísýringur, vatnsbuna, vatnsúði í sumum tilvikum.
Óviðeigandi	Froða.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Hætta Ekki reyna að slökkva eld ef ekki er unnt að hindra frekari leka. Ef kviknar í íláti sem er tengt við einhvers konar búnað, ekki fleygja því eða snúa því á hvolft, það eykur aðeins á vandann (gasleki eða sprungið ílát). Aldrei velta íláti sem brennur.

Myndefni við bruna Losnar um kolsýring við ófullkominn bruna.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Ekki gera neitt sem stofnar eigin öryggi í hættu eða án viðeigandi þjálfunar. Afmarkið og rýmið svæðið strax í tilviki bruna. Kælið ílát með vatnsúða sem ekki er hægt að fjarlægja.

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir	Varist snertingu við húð. Loftræstið. Haldið frá íkveikjugjöfum rafmagnsrofum. Hringið í neyðarþjónustu. Rýmið svæðið. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk af svæðinu. Notið persónuhlífar.
Ílát	Ef ekki er hægt að stöðva leka með því að loka fyrir ventilinn, farið með íláti út undir bert loft, gætið þess að snúa honum ekki á hvolft eða reka hann í.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Engin gögn. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki	Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæði.
Meiriháttar leki	Hafið strax samband við neyðarþjónustu. Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæðinu. Nálgist lekann undan vindi. Fargið ílátum hjá viðurkenndum förgunaraðila.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Notið aðeins við fullnægjandi loftræstingu. Reykingar bannaðar. Notið aðeins með viðeigandi búnaði (leiðbeiningar á umbúðum). Hafið ávallt í uppréttri stöðu. Lokið íláti eftir notkun. Óþefjun (e. odorization) nemur 0,5% styrk efnisins í lofti. Ef gaslykt finnst, leitið að lekanum með sápuvatni áður en búnaðurinn er notaður. Leitið aldrei að leka í bruna. Fyllið aldrei tóm ílát. Ekki hita ílát.

7.2. Örugg geymsluskiyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið og notið aðeins í umbúðum/búnaði fyrir þetta efni. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Geymið í tryggilega luktum og innsigliðum umbúðum þar til það efnið er notað. Umbúðir skal geyma í uppréttri stöðu til að forðast leka. Geymið á vel loftræstum stað, fjarri sterkum oxurum og eldfimum efnum.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Engar frekari upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	TWA (8 klst.)	STEL	Heimild
Bútan	1450 mg/m ³ , 600 ppm	1810 mg/m ³ , 750 ppm	EH40

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Öll vinna við tengingar og uppsetningu skal framkvæmd af þjálfuðu fólki í samræmi við leiðbeiningar.

Til hlífðar augum Öryggisgleraugu.

Til hlífðar húð Hlífðarfatnaðar úr eldtefjandi efni sem safna ekki stöðurafræmni.

Til hlífðar höndum Notið hlífðarhanska gegn kulda.

Höfuðhlífur Notið hjálm við flutninga og burð.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand Vökvi í íláti; lofttegund í andrúmslofti

Litur Lítarlaust

Lykt Einkennandi

Blossamark <-50°C

	Bútan	Súper-bútan	70% bútan/própan	60% bútan/própan
Suðumark	-5°C	-20°C	-25°C	-26°C
Gufuprýstingur (15°C)	1,7	2,2	2,8	-
Gufuprýstingur (50°C)	6,9	7,5	8,3	9,5
Eðlisþyngd vökva (50°C)	0,525 kg/l	0,515 kg/l	0,5 kg/l	0,55kg/l
Eðlisþyngd gufu (15°C)	2,01	2	1,95	1,8

Íkveikju- og sprengimörk

-neðra 1,5%

-efra 8,8%

Leysni Lítillega leysanlegt í vatni.

Sjálfstíkveikjuhitastig >400°C

Uppgufun 1L af fljótandi bútanum verður að u.p.b. 230L af gufu í andrúmslofti

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Efnið er stöðugt

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Ekki hættu á skaðlegri fjölliðun eða efnahvörfum við venjulega notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, íkveikjuvaldar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Sterkir oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin niðurbrotsefni þekkt. Losnar um köfnunarefni og kolsýring í bruna.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Alvarleg eitrun

Á ekki við.

Fljótandi jarðolíugas er geymt í lokuðum ílátum þar til því er eytt í bruna. Mesta hættan er að kvikni í gufum í kjölfar leka. Innöndun þétrar gufu getur valdið sljóleika, ölvun og meðvitundarleysi. Við ófullkominn bruna losnar um kolsýring sem getur valdið sljóleika, höfuðverk, skertrar hreyfigetu og meðvitundarleysi.

12. VISTFRÆDILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Þar sem efnið gufar upp samstundis í snertingu við andrúmsloft og er aðeins lítillega leysanlegt í vatni, er það ekki talið hættulegt umhverfi.

12.2. Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Lífbrjótanleiki Brotnar mjög greiðlega niður.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Á ekki við.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Á ekki við.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun Fargið í samræmi við leiðbeiningar og gildandi lög og reglur.

Förgun umbúða Ekki mynda þrýsting, skera, logsjóða, lóða, sjóða, bora, slípa eða meðhöndla tómar umbúðir nálægt hita, eldi, neistum, stöðurafmagni eða öðrum íkveikjugjöfum. Tómar umbúðir skulu tæmdar að fullu af þjálfuðu fólki og komið á sérhæfða móttökustöð eða fargað í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Hylki

UN-númer 1965

Rétt sendingarheiti HYDROCARBON GAS MIXTURE, LIQUEFIED, N.O.S.

Hættuflokkur 2.1

Hættuauðkennisnúmer 23

Pökkunarhópur II

Óáfyllanleg ílát

UN-númer 2037

Rétt sendingarheiti RECEPTACLES, SMALL, CONTAINING GAS (GAS CARTRIDGES) without a release device, non-refillable

Hættuflokkur 2.1

Hættuauðkennisnúmer 23

Pökkunarhópur II

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar	H220 – Afar eldfim lofttegund.
Skammstafanir	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. TWA: Tímavegið meðaltal. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	25. september 2013.
Útgáfa	7
Gert þann	18. apríl 2016.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Application Des Gaz, info@coleman.eu .